



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026
Garðyrkjakólinn Reykjavík



KLIP2SÉ02

Trjá- og runnaklippingar II – sérhæfðar

Kennarar:	Aaron Shearer, Jón Guðmundsson, Guðríður Helgadóttir, Hörður Helgi Hreiðarsson, Þröstur Þórsson, Björgvin Örn Eggertsson boe@fsu.is
-----------	---

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
KLIP2SÉ02 – Trjá- og runnaklippingar II – sérhæfðar	2 fein	2
Lýsing Nemendur kynnast sérhæfðari verkum trjá- og runnaklippinga s.s. klippingu og umhirðu nýrra limgerða fyrstu árin, endurnýjun limgerða og klippingum mismunandi plöntuhópa s.s. eðalrósa, klifurplantna, sígrænna runna, ávaxtatrjáa, ágræddra tegunda og annarra sem krefjast sérstakrar umhirðu.		
Forkröfur KLIP1AL03 (Trjá- og runnaklippingar I - almennar), GRÓÐ2TR03 (Tré og runnar), PLEF3FV05 (Plöntulífeðlisfræði)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Grunnreglum trjá- og runnaklippinga. - Almennum runnaklippingum og limgerðisklippingum. - Þeim klippingaaðferðum sem beita skal við uppbyggingu limgerða úr bæði trjátegundum og runnategundum sem eru algengar í notkun. - Endurnýjun limgerða og hvaða tegundir þola þessháttar aðgerðir. - Klippingum mismunandi tegundahópa s.s. eðalrósa, klifurplantna, sígrænna runna, ávaxtatrjáa og tegunda sem eru ágræddar auk annarra tegunda sem krefjast sérstakrar umhirðu.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Gera sér grein fyrir þeim aðferðum sem nota skal við uppbyggingu og klippingu nýrra limgerða fyrstu árin sem metið er með samskiptahæfni, verklagi og frágangi. - Meta hvaða limgerði er mögulegt að endurnýja með viðeigandi aðferðum, sem metið er með samskiptahæfni, verklagi og frágangi. - Vinna við almennar limgerðis og runnaklippingar sem metið er með verklagi, samskiptahæfni og frágangi.	

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Klippa og byggja upp ný limgerði og fylgja því eftir fyrstu árin. - Endurnýja þau limgerði sem þola þannig aðgerð. - Klippa og sinna mismunandi tegundahópum s.s. eðalrósum, klifurplöntum, sígrænum runnum, ávaxtatréjum, ágræddum tegundum eða öðrum hópum sem krefjast sérstakrar umhirðu.	Gera sér grein fyrir þörfum mismunandi tegundahópa við klippingar s.s. eðalrósa, klifurplantna, sígrænna runna, ávaxtatréja, ágræddra planta eða annarra tegunda sem krefjast sérstakrar umhirðu sem metið er með verklagi, samskiptahæfni og frágangi.
Námsmat Mat á ástundun og frammistöðu í verklegri kennslu. Verklegt verkefni í klippingu berjarunna 15% Stutt skýrsla um klippingu. Fyrir og eftir 15% Bóklegt próf 70%	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Megin áhersla á verklega kennslu á sem flestum tegundum runna. Verklegt í limgerðisklippingum og endurnýjun limgerða.	
Tenging við grunnþætti Læsi: Nemendur læra að lesa umhverfi sitt og meta ástand gróðurs og taka meðvitaða ákvörðun um inngrip. Sköpun: Nemendur læra að klippa limgerði og geta þar látið sköpunargleðina skína. Jafnrétti: Nemendur læra að vinna saman í hóp og skipta jafnt á milli sín verkfærum og öðru sem þarf til vinnunnar.	
Dags.: 19.6.2013 Höfundar: Ágústa Erlingsdóttir	

Námsefni og námsgögn:

Námsheftið Trjá og runnaklippingar eftir Einar Friðrik Brynjarsson og Ágústu Erlingsdóttur sem fæst á skrifstofunni

Fyrir verklega tíma:

Hafið ávallt með ykkur handklippur í tíma þar sem skólinn skaffar þær almennt ekki. Ef þið eigið handsagir og kraftklippur er um að gera að hafa þær meðferðis (passið að merkja þær fyrst). Ef þið viljið notast við eigin limgerðisklippur þá megið þið hafa þær með líka. Mætið í alla tíma tilbúin til útiveru. Fyrsti kennsludagur 6. Mars er að mestu bóklegur en við kíkjum út í garðskála seinnipartinn og mögulega eitthvað aðeins út. Aðrir kennsludagar eru að mestu verklegir utandyra.

Námsmat:

Verklegt verkefni í klippingu berjarunna	15%
Stutt skýrsla um klippingu. Fyrir og eftir	15%
Bóklegt próf	70%

Dags.	Efni tíma	Fj. tíma	B/V
6. mars	Ávaxtatré, Jón Guðmundsson fjallar um klippingu og umhirðu ávaxtatrjáa í fyrirlestri og svo verða skoðuð ávaxtatré á staðnum og mögulega snyrt til. Í framhaldinu verður fyrirlestur um klippingar helstu tegundahópa. Ef að tími gefst til verður farið út að skoða tré og runna.	8	B
20. mars	Bóklegur fyrirlestur frá Aaron Shearer um áhættumat á trjám og sýnir helstu aðferðir við áhættumat á trjám.	8	B/V
9. apríl	Verklegur tími á Reykjum í trjá og runnaklippingum. Aaron Shearer kemur	8	V
10. apríl	Verklegur tími á Reykjum í trjá og runnaklippingum. Verkefni í klippingu berjarunna unnið.	8	V